

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sagaplast Rangárvöllum, Akureyri



Dags eftirlits	8.5.2013	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Sagaplast	Fulltrúi UST	
Heimili	Rangárvöllum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6112932169	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Pálsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	539772,657 576067,283

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sagaplast flutti í nýtt húsnæði að Rangárvöllum fyrir tæpu ári. Starfsemi rekstraraðila er að mestu kominn í fastann farveg á nýjum stað. Ekki eru gerðar athugasemdir við starfsemi rekstraraðila en þrjú frávik voru staðfest þ.e. merkingum spilliefnaláta var áfátt, eftirlitsmælingar á fráveituvatni höfðu ekki farið fram og árleg skýrsla rekstraraðila barst ekki fyrir 1. maí sl. Eftirlitsmælingar hafa nú borist sem og upplýsingar um mótttekið magn og tegundir úrgangs fyrir árið 2012.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með fulltrúa Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra Maríu Markúsdóttur.

Á fundi í eftirlitinu var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, starfsemina frá síðasta eftirliti, upplýsingar um magn úrgangsflokka (sérstaklega spilliefna og brennanlegs úrgangs) á athafnasvæði Sagaplasts hverju sinni, ákv. nr.1.4 í starfsleyfi um breytingar á rekstri, ákv. 3.2 í st.leyfi um söfnunarpró, sandfang og olíuskilju, mælingar á fráveituvatni, merkingar íláta f. spilliefni, móttöku og skráningu spilliefna og skýrslugjöf til eftirlitsaðila. Að fundi loknum var athafnasvæði rekstraraðila skoðað.

Frávik frá

gr. 8.1 í reglugerð 806/1999 en þar segir:
8.1 Umbúðir spilliefna skal merkja á viðeigandi hátt. Á umbúðunum skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um hættulega eiginleika, efnaflokka og magn úrgangsins. Meðal viðeigandi ráðstafana er að merkingar séu vel festar og tryggar, þoli rigningu og rok.

Eftirlitsmælingar eru fyrirskrifaðar í ákv. 5.2 í starfsleyfi og skulu fara fram fyrir 1.okt. ár hvert.

Lýsing á fráviki

Merkingum á ílátum spilliefna var áfátt.

Eftirlitsmæling á fráveituvatni við úttak olíuskilju fór ekki fram árið 2012. Þann 10.7.sl. bárust niðurstöður slíkra mælinga og reyndust olía/fita, COD og magn heildarsvifefna yfir losunarmörkum. Sýnataka fór fram í júní sl.

Ákv. 5.4 í starfsleyfi en skýrsla til eftirlitsaðila skal berast fyrir 1. maí ár hvert.

Árleg skýrsla rekstraraðila skv ákv. 5.4 í starfsleyfi um skráningar ofl. barst ekki fyrir 1.5.sl. Hluti skýrslunnar hefur nú borist (Magn og tegund úrgangs 2012)

Reykjavík, 10.06.2013

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

